

Jafnréttisstofa

01 313

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Jafnréttisstofa

kt. 710800-2940

Borgum v/Norðurslóð, 600 Akureyri

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Jafnréttisstofa er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérlaga.

Hlutverk stofnunarinnar er að annast stjórnslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisvitund, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kyneinkennum eða kyntjáningu nr. 86/2018 og heyrir undir yfirstjórn forsætisráðherra. Hlutverk jafnréttisstofu er skilgreint í 4. grein jafnréttislaganna.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 153,5 milljónir og afkoma kr. -12,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 4,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 30,8 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Jafnréttisstofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Jafnréttisstofu fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Katrín Björg Ríkarðsdóttir
Framkvæmdastjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	141.800.000	136.500.000
Framlög og ýmsar tekjur	3	11.076.460	24.807.812
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	581.593	459.670
Tekjur samtals		<u>153.458.053</u>	<u>161.767.482</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	125.912.468	108.896.654
Annar rekstrarkostnaður	5	39.829.905	44.157.381
Afskriftir	6	581.593	459.670
Gjöld samtals		<u>166.323.966</u>	<u>153.513.705</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(12.865.913)	8.253.777
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(4.828)</u>	<u>(8.104)</u>
		(4.828)	(8.104)
Afkoma ársins		<u><u>(12.870.741)</u></u>	<u><u>8.245.673</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		2.469.769	2.094.474
Aðrar eignir		43.500	43.500
Fastafjármunir samtals		<u>2.513.269</u>	<u>2.137.974</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		12.500	0
Tengdir aðilar	8	27.204.455	47.342.804
Handbært fé		1.043.834	1.235.418
Veltufjármunir samtals		<u>28.260.789</u>	<u>48.578.222</u>
Eignir samtals		<u>30.774.058</u>	<u>50.716.196</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Hrein eign		4.635.239	17.505.980
Eigið fé samtals		<u>4.635.239</u>	<u>17.505.980</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	48.740	5.335.160
Viðskiptaskuldir		6.284.279	13.672.013
Ýmsar skammtímaskuldir	10	17.182.393	11.698.043
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	11	2.623.407	2.505.000
Skuldir samtals		<u>26.138.819</u>	<u>33.210.216</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>30.774.058</u>	<u>50.716.196</u>
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(12.870.741)	8.245.673
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	581.593	459.670
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(581.593)	(459.670)
		<u>(12.870.741)</u>	<u>8.245.673</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(12.500)	2.000
Tengdir aðilar		14.595.041	(22.787.382)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(1.903.384)	14.832.581
		<u>12.679.157</u>	<u>(7.952.801)</u>
		<u>(191.584)</u>	<u>292.872</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(956.888)	(1.001.981)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	69.000
		<u>(956.888)</u>	<u>(932.981)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		256.888	232.981
Fjárfestingarframlag		700.000	700.000
		<u>956.888</u>	<u>932.981</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(191.584)	292.872
		<u>1.235.418</u>	<u>942.546</u>
		<u>1.043.834</u>	<u>1.235.418</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	141.800.000	136.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	581.593	459.670
	<u>142.381.593</u>	<u>136.959.670</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	140.700.000	0	0	140.700.000
Launabætur	1.100.000	0	0	1.100.000
Fjárveiting til tekna	141.800.000	0	0	141.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(154.670.741)	0	0	(154.670.741)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(12.870.741)	0	0	(12.870.741)

	2022	2021
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	0	5.997.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	7.090.156	18.743.542
Fræðslustarfsemi og fundir	775.000	(2.000)
Ýmsar tekjur	3.211.304	69.270
	<u>11.076.460</u>	<u>24.807.812</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	98.192.453	86.831.842
Orlof, breyting	4.133.542	1.478.633
Launatengd gjöld	22.578.898	19.596.524
Starfsmannakostnaður	1.007.575	989.655
	<u>125.912.468</u>	<u>108.896.654</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	8,8	7,8
------------------------------	-----	-----

5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	99.674	118.884
Byggingarvörur, almennar	15.498	15.270
Tæki og búnaður til innréttinga	34.737	0
Ýmis tæki og áhöld	218.026	187.844
Orkugjafir	0	23.462
Matvæli	1.185.947	1.063.605
Almennar rekstrarvörur	30.447	95.355
Vörukaup, almenn	<u>1.584.329</u>	<u>1.504.420</u>
Fundir, námskeið, risna	1.452.281	192.207
Ferðir, uppihald	5.070.604	809.658
Akstur	236.788	123.308
Sérfræðiþjónusta	5.971.512	13.631.397
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	11.030	10.831
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	5.319.933	7.886.107
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.643.936	81.303
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>20.706.084</u>	<u>22.734.811</u>

Skýringar

5 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)

	2022	2021
Afnotagjöld	4.196.226	3.810.607
Leigugjöld	12.447.608	11.485.823
Verkkaup	275.127	4.011.670
Kostnaðarhlutdeild	132.883	115.809
Opinber gjöld	487.648	494.241
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	17.539.492	19.918.150
Annar rekstrarkostnaður samtals	39.829.905	44.157.381

6 Afskriftir

Áhöld, tæki og búnaður	581.593	459.670
	581.593	459.670

31.12.2022 31.12.2021

7 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	2.469.769	2.094.474
Aðrar eignir	43.500	43.500
	2.513.269	2.137.974

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	4.148.778	43.500	4.192.278
Viðbætur á árinu	956.888	0	956.888
Selt/úrelt á árinu	(129.668)	0	(129.668)
	4.975.998	43.500	5.019.498
Afskriftir 01.01.2022	2.054.304	0	2.054.304
Afskrift ársins	581.593	0	581.593
Selt/úrelt á árinu	(129.668)	0	(129.668)
	2.506.229	0	2.506.229
Staða 31.12.2022	2.469.769	43.500	2.513.269

31.12.2022 31.12.2021

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	27.204.455	36.519.708
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	10.823.096
	27.204.455	47.342.804

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	48.740	5.335.160
	48.740	5.335.160

Skýringar

9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	17.505.980	9.260.307
Afkoma ársins	(12.870.741)	8.245.673
Jöfnuður 31.12.	<u>4.635.239</u>	<u>17.505.980</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
10 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	15.831.585	11.698.043
Önnur ógreidd gjöld	<u>1.350.808</u>	<u>0</u>
	<u>17.182.393</u>	<u>11.698.043</u>

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	2.513.269	2.137.974
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	<u>110.138</u>	<u>367.026</u>
	<u>2.623.407</u>	<u>2.505.000</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	2.137.974	367.026	2.505.000
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	700.000	700.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	956.888	(956.888)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(581.593)</u>	<u>0</u>	<u>(581.593)</u>
	<u>2.513.269</u>	<u>110.138</u>	<u>2.623.407</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 0,7 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði til ársins 2029. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 13,4 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.